

Umhverfissráðuneytið  
Magnús Jóhannesson  
ráðuneytisstjóri  
Skuggasund 1  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 25. september 2012  
2012070007/42-1-1  
JGO

### Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til nýrra náttúruverndarlaga

Vísað er til heimasíðu umhverfissráðuneytisins þar sem drög að heildstæðu frumvarpi til nýrra náttúruverndarlaga er auglýst og óskað eftir athugasemdum við þau. Frumvarpsdrögin eru að mestu leyti samhljóða fyrri drögum sem Náttúrufræðistofnun Íslands fékk til umsagnar frá umhverfissráðuneytinu með bréfi dags. 5. júlí 2012, en þó hafa verið gerðar nokkrar efnislegar breytingar. Náttúrufræðistofnun vísar til fyrri umsagnar sinnar um drög að frumvarpi til nýrra náttúruverndarlaga, dags. 23. júlí 2012. Hér á eftir verða þeim athugasemdum stofnunarinnar sleppt sem tekið hefur verið tillit til við endurskoðun draganna. Hins vegar eru lagðar til örfáar breytingar á fyrirliggjandi drögum.

Frumvarpið er mjög vel unnið að mati Náttúrufræðistofnunar og í fullu samræmi við efni hvítbókarinnar um löggjöf til verndar náttúru Íslands, sem kynnt var og rædd á umhverfisþingi 2011. Frumvarpið er jafnframt í góðu samræmi við þær skuldbindingar sem alþjóðlegir samningar sem Ísland á aðild að fela í sér. Mið er tekið af löggjöf annarra ríkja, sérstaklega Norðurlandanna og annarra ríkja sem eiga aðild að Evrópska efnahagssvæðinu og Bernarsamningnum um vernd villtrar náttúru í Evrópu. Vel hefur tekist til að mati Náttúrufræðistofnunar og hefur höfundur frumvarpsins, Aagot V. Óskarsdóttir lögfræðingur unnið mjög gott starf. Í frumvarpinu er tekið á þeim margvíslegu vandamálum í framkvæmd náttúruverndarmála hér á landi á undanförunum árum sem lýst er í hvítbókinni og skerpt á verkaskiptingu stofnana, sem ætti að leiða til skilvirkara starfs. Náttúrufræðistofnun lýsir yfir ánægju með frumvarpið í heild og mælir eindregið með því að það verði sent Alþingi til meðferðar sem fyrst.

Náttúrufræðistofnun vill þó koma eftirfarandi tveimur athugasemdum við frumvarpið á framfæri við ráðuneytið með ósk um að þær verða teknar til athugunar:

Náttúrufræðistofnun er mjög sátt við markmiðssetninguna í 2. og 3. gr. frumvarpsins og orðalag þeirra. Stofnunin telur þó mikilvægt að í 2. gr. sé ekki aðeins vísað til "ákjósanlegs ástands" vistgerða og tegunda heldur einnig til "ákjósanlegrar verndarstöðu", sem er ekki síður mikilvægt hugtak sbr. hvítbókina um löggjöf til verndar náttúru Íslands.



Náttúrufræðistofnun leggur því til að á eftir orðunum "...tryggja ákjósanlegt ástand..." í a-lið greinarinnar komi "...og verndarstöðu...". Einnig er lagt til að á eftir orðunum "...tryggja ákjósanlegt ástand þeirra..." í c-lið greinarinnar komi "...og verndarstöðu...".

Náttúrufræðistofnun telur æskilegt að skilgreina hugtökin "jarðfræðileg fjölbreytni" og "jarðminjar" í 5. gr. og leggur til að eftirfarandi skilgreiningar verði notaðar.

*Jarðfræðileg fjölbreytni* : Róf eða breytileiki jarðfræðilegra, landmótunarfræðilegra og jarðvegsfræðilegra fyrirbæra, myndana og ferla. Hugtakið tekur til bergs, steinda, landforma, setlaga og jarðvegs ásamt þeim náttúrulegu ferlum sem mynda og móta þessa þætti.


*Jarðminjar* : Einstakir þættir jarðfræðilegrar fjölbreytni, jarðmyndanir og jarðfræðileg fyrirbæri ásamt tilheyrandi myndunar- og mótunarferlum eftir atvikum.

Í skilgreiningu á hugtakinu "tegund" í 20-lið 5. gr. frumvarpsins telur Náttúrufræðistofnun óþarfi að nota orðið "lífandi". Leggur til að skilgreiningu hefjist á orðunum "Ákveðinn hópur lífvera...".

Náttúrufræðistofnun leggur til að í síðari mgr. 54. gr. verði orðið "jarðhiti" notað í stað orðsins "háhiti". Setningin endi því á orðunum "...óheimilt er að virkja fallvötn eða jarðhita á viðkomandi svæði".

Náttúrufræðistofnun telur nauðsynleg að vísa til jarðminja í 1. mgr. 79. gr. frumvarpsins. Leggur því til að síðari setningin í 1. mgr. 79. gr. endi á orðunum: "...sakir landslags, jarðminja, gróðurfars eða dýralífs".

Loks gerir Náttúrufræðistofnun athugasemd við síðustu mgr. 57. gr. frumvarpsins þar sem kemur fram að Náttúrufræðistofnun skuli ekki halda skrá yfir birkiskóga líkt og önnur náttúrufræðistofnunir sem 57. greinin tekur til. Það hlýtur að vera skilvirkara að hafa skrár um öll náttúrufræðistofnunir aðgengileg fyrir skipulagsyfirlit, framkvæmdaaðila, og almenning á sama stað. Náttúrufræðistofnun telur mjög eðlilegt að Skógrækt ríkisins haldi skrá yfir skóga landsins og haldi utan um ýmiskonar upplýsingar um þá. Hins vegar er mikilvægt að Náttúrufræðistofnun Ísland sem hefur nú þegar lögbundið hlutverk við að skrá og kortleggja náttúru Íslands og mun væntanlega hafa það hlutverk áfram þ.m.t. að gera gróður- og vistgerðakort af landinu öllu. Birkiskógar og önnur náttúruleg skóglendi eru ekki undanskilin í þeirri skrásetningu og kortagerð. Það er ekki skynsamlegt að undanskilja náttúrulega birkiskóga í þeirri skráningu eða lífríki skóganna almennt. Áhersla Náttúrufræðistofnunar er ekki síst á lífríki skóganna, plöntur og dýr, búsvæði þeirra og mismunandi vistgerðir. Skógrækt ríkisins og Náttúrufræðistofnun hafa átt gott samstarf um samnýtingu gagna þ.m.t. yfirlit yfir birkiskóga landsins og áreiðanlega verður framhald á því. Það ber að forðast óþarfa tvíverknað, sérstaklega ef það getur skaðað eða torveldað framkvæmd náttúruverndar. Skógar eru ekki einkamál þeirra sem stunda skógrækt, sérstaklega ekki náttúrulegu skógar landsins. Það er mat Náttúrufræðistofnunar að það eigi ekki að skipta náttúru landsins upp eftir stofnunum, sérstaklega þegar um er að ræða náttúruvernd, því hlutverk þeirra er ólíkt. Slík skipting leiðir aðeins til misskilnings og erfiðleikum í að fylgja eftir meginmarkmiðum laga um náttúruvernd. Það er kominn tími til að draga úr þessari tvískiptingu á náttúru landsins, sem hefur vissulega verið að grafa um sig á undanförunum áratugum.




Náttúrufræðistofnun leggur því til að síðasta mgr. 57. gr. frumvarpsins orðist svo:  
"Náttúrufræðistofnun Íslands skal halda skrár yfir náttúrufyribæri sem talin eru upp í 1. og 2. mgr. og veita aðgang að þeim í samræmi við reglur sem ráðherra setur."

Virðingarfyllt



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Trausti Baldursson

